

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1494

2015/EES/74/47

frá 4. september 2015

**um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bensen) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (<sup>1</sup>), einkum 131. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með 3. lið 5. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er bannað að setja bensen á markað eða nota það sem efni eða efnisþátt í önnur efni eða í blöndur í styrk sem er 0,1% eða meiri, miðað við þyngd.
- 2) Vegna jarðfræðilegra einkenna inniheldur jarðgas úr tilteknum uppsprettum meira en 0,1% bensen miðað við þyngd en minna en 0,1% miðað við rúmmál.
- 3) Þær aðferðir sem til eru til að draga úr styrk bensens í þessu jarðgasi niður fyrir 0,1% miðað við þyngd myndu leiða til fjárfestingarútgjalda sem nema nærri 1 milljarði evra og rekstrarútgjalda sem nema um 60 milljónum evra á ári.
- 4) Í áhættumati frá Dutch Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu (Hollenska lýðheilsu- og umhverfisstofnunin) frá 2013 var komist að þeirri niðurstöðu að jarðgas, sem sett er á markað til notkunar fyrir neytendur, þar sem styrkur bensens er yfir 0,1% miðað við þyngd en undir 0,1% miðað við rúmmál, skapi ekki óviðunandi heilbrigðisáhættu.
- 5) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu staðfesti í álitinu sínu (<sup>2</sup>) frá 28. nóvember 2014 að váhrif, sem neytendur verða fyrir vegna styrks bensens í jarðgasi sem er yfir 0,1% miðað við þyngd en undir 0,1% miðað við rúmmál, skapi ekki áhættu fyrir heilbrigði neytenda sem ekki er unnt að halda nægilega vel í skefjum.
- 6) Hinn mikli kostnaður við að draga úr styrk bensens í jarðgasi niður fyrir 0,1% miðað við þyngd væri óhóflegur og, í ljósi álits áhættumatsnefndarinnar, ónáuðsynlegur með tilliti til áhættustjórnunar. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að leyfa setningu jarðgass á markað og notkun þess ef styrkur bensens í því er undir 0,1% miðað við rúmmál.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 233, 5.9.2015, bls. 2. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

(<sup>2</sup>) [http://echa.europa.eu/documents/10162/13641/rac\\_opinion\\_adopted\\_benzene\\_in\\_natural\\_gas\\_en.pdf](http://echa.europa.eu/documents/10162/13641/rac_opinion_adopted_benzene_in_natural_gas_en.pdf)

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. september 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*VIÐAUKI*

Í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 bætist eftirfarandi c-liður við 4. lið í 2. dálki 5. færslu:

„c) jarðgas, sem sett er á markað til notkunar fyrir neytendur, að því tilskildu að styrkur bensens haldist undir 0,1% miðað við rúmmál.“

---